

AUGLÝSING

**um (3.) breytingu á gjaldskrá nr. 446/2012
fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.**

1. gr.

7. gr. gjaldskrárinnar fellur brott.

2. gr.

21. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf fyrir veiðimenn og veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófa á fyrirfram auglýstum tíma skv. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Stofnunin innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða, sbr. 4. mgr. 11. gr. laganna, í samræmi við eftirfarandi:

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 6.800 fyrir prófgjald fyrir hæfnispróf á auglýstum próftíma.
- b. kr. 9.000 fyrir prófgjald fyrir hæfnispróf utan auglýstra próftíma að óskum viðkomandi einstaklings (einkapróf).
- c. kr. 13.000 fyrir veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófi og hæfnispróf.

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið er setið eða próf þreytt.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 4. apríl 2013.

F. h. r.

Stefán Thors.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2013